

Sp.

313. Tillaga til þingsályktunar

[190. mál]

um rannsókn á aðstöðu æskufólks til framhaldsnáms.

Flm.: Sigurvin Einarsson, Einar Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að stjórnir sveitarfélaga í landinu rannsaki, hver í sínu umdæmi, hvort og þá hversu margir unglingar, sem luku skyldunámi vorið 1970, eru án skólanáms á yfirstandandi skólaári og af hvaða ástæðum það er. Skýrsla um niðurstöður þessarar rannsóknar skal lögð fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Það er hverjum manni brýn nauðsyn að stunda nokkurt framhaldsnám, eftir að skyldunámi er lokið. Hver sá maður, sem hefur ekki aflað sér meiri menntunar en þeirrar, er skyldunámið veitir, er að ýmsu leyti verr settur en aðrir menn í nútíma þjóðfélagi, hvaða störf sem hann tekur sér síðar fyrir hendur. Það er alkunnugt, að skólum landsins eru takmörk sett, hversu mörgum nemendum þeir geta tekið við árlega. Mun það ekki vera neitt einsdæmi, að skóli sé fullskipaður einu eða tveimur árum fyrir fram. Þegar skóla berast fleiri umsóknir um skólavist en hann rúmar, er ekki annarra kosta völ en að synja þeim umsóknum. Hér er um rannsóknarefni að ræða, því að sé ástandið í þessum efnum með þeim hætti, að æskufólk sé útilokað frá framhaldsnámi, sem óskar þó að stunda nám, er það með öllu óviðunandi.

Flm. þessarar tillögu tóku sér fyrir hendur á síðastliðnu hausti að kanna, hversu margir nýir nemendur hefðu komið í héraðsskólana síðastliðið haust og hversu mörgum hefði orðið að synja um skólavist. Fyrra atriðinu var að sjálfsgöðu auðsvarað, en hinu síðara var skólastjórum ekki auðvelt að svara á fullnægjandi hátt. Flestir þeirra höfðu ekki skrásett munnlegar umsóknir og fyrirspurnir um skólavist, eftir að skólinn var fullskipaður. Allir gerðu þeir þó áætlun um, hversu mörgum umsóknum þeir hefðu orðið að synja. Niðurstöður úr þessari könnun í fyrrnefndum átta skólum eru eftirfarandi:

Nemendur samtals í byrjun skólaárs 1970	995
Þar af nýir nemendur	541
Áætlaður fjöldi umsókna, er varð að synja	370—400

Sé þessi áætlun um synjanir nærri sanni, kemur í ljós, að yfir 40% þeirra unglinga, er sóttu um skólavist, komust ekki í þá skóla, er þeir sóttu um. Hvað varð um þessa umsækjendur? Komust þeir í aðra skóla, eða eru þeir án framhaldsnáms á yfirstandandi skólaári?

Efnahagur foreldra og annarra aðstandenda unglinga kemur mjög við sögu, þegar um framhaldsmenntun æskufólks er að ræða. Fjárskortur getur oft og hefur oft orðið þess valdandi, að unglingar hafa farið á mis við framhaldsnám. Er þar kominn annar alvarlegur þröskuldur á vegi unglinga til framhaldsmenntunar. Svo er um þetta atriði sem hið fyrra, að fullkomin óvissa ríkir um það, hversu víðtæk áhrif fjárskorturinn hefur í þessum efnum.

Væntanlega munu forráðamenn þjóðfélagsins vilja, að æskufólk hafi sem jafnasta aðstöðu til menntunar. Það er því full ástæða til að rannsaka, hvort menntunar- aðstaðan er viðunandi, því að óneitanlega bendir margt til þess, að svo sé ekki.